

# Leikur og Leikföng

Skynjunarleikir



Arna Lís Ingimarsdóttir

## Efnisyfirlit

Skynjunarleikur	3
Leikur 0-3 mánaða	4-5
Leikur 2-4 mánaða	6-7
Leikur 3-5 mánaða	8-9
Leikur 4-6 mánaða	10-11
Leikur 6-9 mánaða	12-13
Leikur 9-12 mánaða	14-15
Leikur 1-2 ára	16-17
Leikur 2-3 ára	18-19
Leikur 3-4 ára	20-21
Leikur 4-5 ára	22-23
Leikur 6-8 ára	24-25
Leikur 8-10 ára	26-27
Leikur 10-12 ára	28-29
Hugmyndir að skynjunarleik	30-34

# Skynjunarleikur (e. sensory play)

Skynjunarleikur er leikur sem þróast með notkun skynfæra okkar og örvar þau. Í skynjunarleik notast börn við sjón, hljóð, lykt, bragð eða snertingu. Leikir byggðir á þennan hátt eru sjálfsprottnir þar sem börnin fíkra sig áfram og leyfa forvitninni að ráða för.

Skynjunarleikir styrkja taugatengingar í heila ungbarna, hvetja til gagnrýnnar hugsunar auk þess sem þeir efla hreyfilþroska og málþroska svo eitthvað sé nefnt. Það að gefa barni tækifæri og svigrúm til að upplifa og kanna heiminn á sínum hraða og sínum forsendum eykur traust barnsins til umhverfisins.

Skynjunarleikur getur verið mjög ódýr leið til leiks þar sem mikið er lagt upp úr því að nota náttúruna og efnivið úr náttúrunni. Ólíkt venjulegum leikföngum þá býður skynjunarleikur uppá svo margvísleg leikföng, allt frá steinum úr bílastæðinu upp í fjaðrir keyptar útí búð. Þær kröfur sem settar eru á efnivið til að teljist hentugur er að hann örvi eitt eða fleiri af skynfærunum okkar.

## 0 - 3 mánaða

Þó að leikurinn á þessum aldri sé ekki mikill þá fara börn fljótlega að sýna umhverfinu mikinn áhuga og festa augun gjarnan á formum, skuggum eða skörpum litaskilum.

Fyrir börn á þessum aldri er mjög þroska eflandi þegar annað fólk talar við þau, raular fyrir þau lög og les sögur.

## Leikföng og leikur

- Söngur og spjall við barnið
- Órói fyrir ofan rúmið sem barnið getur skoðað
- Spegill á móti andliti barns, svo það geti skoðað sjálft sig
- Myndabækur eða svarthvítar myndir

## 2 - 4 mánaða

Á þessum aldri fara börn að sýna umhverfinu meiri áhuga, skoða og virða hluti fyrir sér. Þau bregðast við kunnuglegum andlitum og röddum og er því kjörið að tala við þau t.d. á skiptiborðinu, við fataskipti og fleirri athafnir.

Þó þau hafi ekki getu til að leika sér með leikföng þá er þetta aldurinn sem andlit, hljóð og hlutir fara að vekja hjá þeim áhuga.

# Leikföng og leikir

- Tónlist, spjall og lestur fyrir barnið
- Svarthvítar eða litríkar myndir af formum
- Hristur eða órói sem börnin geta gripið/slegið í
- Leikteppi/leikstöð

## 3 - 5 mánaða

Á þessum aldri eru börn farin að sýna umhverfinu mjög mikinn áhuga og eru athugul. Samband augna og handa fer að styrkjast og eru þau því farin að geta gripið um hluti.

Þeim þykja hljóð mjög áhugaverð og sýna söng og tali mikinn áhuga.

Á þessum aldri er kjörið að leyfa þeim að liggja á leikteppi, umkringd dóti til að grípa í og skoða.



## Leikföng og leikur

- Söngur, tónlist og spjall við barnið
- Hristur og annað dót sem auðvelt er að grípa um
- Leikföng með hljóðum sem heyrist auðveldlega í þegar það er snert (spriklað í, slegið í eða hrist)
- Leikteppi/leikstöð

## 4 - 6 mánaða

Á þessum aldri eru börnin farin að líta nær sér. Þau uppgötva eigin útlími, vilja stinga fingrum og öðrum hlutum í munnin á sér. Það að setja allt í munnin á sér er þeirra leið til að kanna mismunandi áferð, bragð og eiginleika hlutar.

Sú þroskaframför sem á sér stað á þessum tíma, að stinga öllu í munnin á sér opnar dyr til að byrja kynna þau fyrir skynfæraleik (e. sensory play).

## Leikföng

- Leikföng með hljóði
- Mjúkar bækur
- Þroska leikteppi
- Rúnaðir hlutir
- Naghringir eða aðrir sambærilegir hlutir sem hægt er að naga
- Söngur, lestur og tónlist

## Skynjunarleikir

- Hristur eða fylltar flöskur (hrísgrjón, pasta, litað nammi, baunir...)
- Hlutir með mismunandi áferð (Svampar, silki, bómull, ull...)
- Sull í baði

## 6 - 9 mánaða

Á þessum aldri eru börn farin að sýna leik áhuga og þykir gaman að hafa aðrar manneskjur með sér í leik eða til að leika við. Eins og með yngri börn þá eru þau ennþá að stinga flest öllu í munnin á sér og mun það halda áfram yfir 1 árs aldurinn.

Það sem gerir leikinn þeirra skemmtilegri er að núna eru þau farin að sitja með eða án stuðnings og eru farin að geta flutt hluti úr annari hendi yfir í hina.

Á þessum aldri er gaman að kynna börn fyrir skynjunarleik (e. sensory play) sem krefst notkunar og eflir þroska skynfæra þeirra.

## Leikföng

- Leikföng sem hafa mismunandi áferð (hart, mjúkt, hrufótt, slétt...)
- Hristur eða fylltar flöskur (hrísgrjón, pasta, litað nammi, baunir...)
- Nagdót
- Trékubbar
- Blása sápukúlur
- Bækur til að skoða
- Söngur og tónlist

## Skynjunarleikir

- Hrissta fylltar flöskur
- Stafla kubbum með barni
- Fela hlut undir taubleyju
- Sull með vatn og aukahlutum (skeið, húsdýr, glas..)
- Leika með cheerios í dalli
- Útivera í náttúrunni þar sem barnið fær að fikra sig um

## 9 - 12 mánaða

Á þessum aldri eru börn farin að njóta sín í flóknari leik. Mörg hver geta ýtt bílum áfram og hermt eftir einföldum hljóðum eins og bíl („brrr“), kindum („meee“) og kúm („muu“).

Fínhreyfingarnar þeirra eru orðnar það góðar að þau geta staflað 1-3 kubbum, sett hluti ofaní box og sótt þá aftur, tekið upp cheerios með fingrunum, raðað stórum púslum á sinn stað og fleirra í þeim dúr.

Þau eru farin að geta gleymt sér í leik til lengri tíma og njóta sín vel í skynfæraleik (e. sensory play).

## Leikföng

- Leikföng sem hafa mismunandi áferð (hart, mjúkt, hrufótt, slétt...)
- Hristur eða fylltar flöskur (hrísgrjón, pasta, litað nammi, baunir...)- Trékubbar
- Bílar
- Plastdýr
- Bækur
- Flóknari þroskaleikföng
- Gönguvagnar
- Dúkkur og bangsar
- Auðveld púsl

## Skynjunarleikir

- Hrista fylltar flöskur
- Sull með vatn og áhöld (skeiðar, dollur, dýr..)
- Malað cheerios til að leika með eins og sand og áhöld (skeiðar, dollur, dýr, bílar...)
- Leir sem má fara í munn og áhöld (bitlaus hnífur, piparkökuform, dýr...)
- Puttamálning sem má fara í munn
- Útivera í náttúrunni þar sem barnið fær að fíkra sig áfram

## 1 - 2 ára

Börn á þessum aldri hafa lært margt af reynslunni og eru farin að skilja hvernig helstu leikföng virka eins og bílar, dýr, boltar o.fl.

Á þessum aldri eru þau mjög upptekin af sjálfum sér og leika sér ekki við leikfélaga heldur einangra þau sig í leik með sjálfum sér.

Þau eru ennþá að stinga leikföngum í munninn, skipta gjarnan ört um leikfang og eyða meiri tíma gangangi að skoða heldur en sitjandi í eiginlegum leik.

Þau fylgjast með öðrum og herma gjarnan eftir, þessi aldur er tilvalinn fyrir sull og drullumall sem vekur mikla kátínu.

Á þessum aldri fara börn að byrja ganga og er því mikilvægt að gefa þeim leiksvæði sem er öruggt fyrir þau þar sem þau geta leikið í frjálsum leik.



## Leikföng

- Leikföng sem hafa mismunandi óferð (hart, mjúkt, hrūfótt, slétt...)
- Hristur eða fylltar flöskur (hrísgrjón, pasta, litað nammi, baunir...)
- Bangsar og dúkkur
- Kubbar
- Proskaleikföng
- Leikstöðvar með áhugaverðum leikföngum
- Einföld púsl
- Litríkar bækur með myndum
- Gönguvagn
- Dýr og fjárhús
- Bílar og bílabrautir
- Boltar

## Skynjunarleikir

- Hrista fylltar flöskur
- Sull með vatn og áhöld (skeiðar, dollur, dýr..)
- Malað cheerios til að leika með eins og sand og áhöld (skeiðar, dollur, dýr, bílar..)
- Leir sem má fara í munn og áhöld (bitlaus hnífur, piparkökuform, dýr..)
- Puttamálning sem má fara í munn
- Útivera í náttúrunni þar sem barnið fær að fíkra sig áfram
- Efnisbútar með mismunandi óferð (silki, bómull, flís, ull...)

## 2 - 3 ára

Á þessum aldri fer áhuginn fyrir leikfélaga að kveikna. Þau eru mjög upptekinn af því hvað barnið við hliðina þeim er að gera og þau eiga það til að rífa leikföng af og vilja ekki skila þeim aftur.

Leikföng fara að verða mjög merkileg, þau eiga það til að vilja safna mörgum leikföngum að sér og neita að deila með sér.

Börn á þessum aldri fara að sýna hlutverkaleik áhuga. Hlutverkaleikur er þegar börn færa hlutverk fullorðinna í daglegu lífi yfir í leik eins og mömmó, dýraleikur, börn setja sig í hlutverk tannlækna, hárgreiðslufólks, strætóbílstjóra o.fl. Þar sem þau notast gjarnan á við hluti eins og eldhúsdót, snyrtivörur, hárgreiðsluvörur og fleirra tengt þeirra hlutverkaleik.

## Leikföng

- Mismunandi kubbar (trékubbar, Duplo kubbar, greiðukubbar...)
- Boltar
- Bílar og bílastæðahús
- Dúkkur og dúkkuvagnar
- Hlutir fyrir hlutverkaleik (eldhúsáhöld og tómar dollur undan matvælum, búningar og föt, hárburstar og snyrtivöru umbúðir...)
- Lítið eldhús
- Húsdýr og fjárhús

## Skynjunarleikir

- Hlutir með mismunandi áferð (keðjur, skeljar, rúnaðir steinar, fjaðrir...)
- Sull með vatn og áhöld (skeið, dollur, dýr/bílar/karlar...)
- Lituð hrísgrjón og áhöld (skeið, dollur, sigti...)
- Sandur og áhöld (skeið, dollur, form...)
- Leir og áhöld (plast skæri, form, plast hnífur...)
- Útivera í náttúrunni (t.d. fjöruferð)

## 3-4 ára

Á þessum aldri eru börn farin að geta leikið sér með leikfélaga í óskipulögðum leik. Óskipulagður leikur er þegar þau geta leikið sér saman, hlegið og haft gaman þó að leikurinn hafi ekkert sérstakt markmið og þau öll með mismunandi sýn á leikinn.

Sem dæmi; þau eru öll í eldhússleik þar sem eitt barnið er kokkur að elda, annað barnið er faðir að elda kvöldmat fyrir heimilið en þriðja barnið er að útbúa snarl fyrir risaeðluna sína.

Þau eru þó farin að vera óhugasamari um regluleiki og geta dottið inní leik sem hefur markmið og þar sem þau þurfa að fylgja einföldum reglum eins og feluleikur, hver er undir teppinu og slíkt.

Þeim þykir ótrúlega gaman í ærslaleikjum, hoppa og hlaupa um frekar en að sitja og dunda sér.

## Leikföng

- Púsl og bækur
- Bílar, bílastæðahús, bílateppi
- Dúkkur og dúkkuvagnar
- Kubbar (trékubbar, duplo kubbar, greiðukubbar og seglakubbar)
- Hlutir fyrir hlutverkaleik (eldhúsáhöld og tómar dollur undan matvælum, búningar og föt, hárburstar og snyrtivöru umbúðir...)
- Lítið eldhús
- Trélest og teinar
- Boltar, því fleirri því skemmtilegra

## Skynjunarleikir

- Hlutir með mismunandi áferð (keðjur, skeljar, rúnaðir steinar, fjaðrir...)
- Sull með vatn og áhöld (skeið, dollur, dýr/bílar/karlar...)
- Lituð hrísgrjón og áhöld (skeið, dollur, sigti...)
- Sandur og áhöld (skeið, dollur, form...)
- Leir og áhöld (plast skæri, form, plast hnífur...)
- Útivera í náttúrunni (t.d. fjöruferð)

## 4 - 5 ára

Á þessum aldri eru börn farin að deila leik þar sem leikurinn felur í sér að ná einhverju ákveðnu markmiði eins og til dæmis að klára púsl. Einnig eru börn farin að leika sér saman í skipulögðum leik. Sem dæmi setja börnin sig í hlutverk fjölskyldu sem hefur foreldra, börn og hund, þau eru öll á leiðinni í vinnuna og þurfa að hjálpast að inná „heimilinu“ svo að allir komist úr húsi á réttum tíma.

Börn á þessum aldri leitast mikið í listsköpun. Við leikinn þeirra bætist við að lita, mála, klippa, líma og skreyta.

Þau eru mjög upptekin af reglum og að þeim sé fylgt, þau eru mjög athugul um það hvar þau eru stödd í röð í leik og hver eigi að gera næstur sem dæmi.

## Leikföng

- Pikler og jafnvægisbretti
- Kubbar (holukubbar, trékubbar, duplo kubbar, greiðukubbar og seglakubbar)
- Hlutir fyrir hlutverkaleik (eldhúsáhöld og tómar dollur undan matvælum, búningar og föt, hárburstar og snyrtivöru umbúðir...)
- Lítið eldhús
- Hlutir til listsköpunar (blöð, litir, málning, skæri, lím, tímarit...)
- Bolti og karfa/mark

## Skynjunarleikir

- Hlutir með mismunandi áferð (keðjur, skeljar, rúnaðir steinar, fjaðrir...)
- Sull með vatn og áhöld (skeið, dollur, dýr/bílar/karlar...)
- Lituð hrísgrjón og áhöld (skeið, dollur, sigti...)
- Sandur og áhöld (skeið, dollur, form...)
- Leir og áhöld (plast skæri, form, plast hnífur...)
- Útivera í náttúrunni (t.d. fjöruferð, sull í læk, búa til snjókall, leikur á ströndinni...)

## 6 - 8 ára

Á þessum aldri eru börn farin að leita í að leika með vinum og njóta þess að hafa félagsskap frá öðrum krökkum og eiga auðvelt með að tvinna saman leik með leikfélaga, sem er yfirleitt af sama kyni og þau sjálf. Börn á þessum aldri kjósa frekar að leika sér úti í náttúrunni og í útileikjum.

Þau eru á fullu að efla gróf- og fínhyreyfingarnar og leika sér mikið í leikjum sem reyna á þolið eins og að hjóla, skauta, spila fótbolta, hoppa á milli leiktækja og klifra. Innileikir sem þau hafa gaman af eru framatískir hlutverkaleikir, þar sem þau herma eftir raunverulegu lífi fólks, fara í þykjustunni bíó, versla í þykjustunni búð o.þ.h.

Leikurinn fer úr því að vera einfaldur og auðskiljanlegur yfir í að verða áhugaverður og litaður ímyndunaraflinu. Börn á þessum aldri hafa mjög frjótt ímyndunarafl og eru sjaldmar en ekki að vinna að uppgötvunum eða kanna eitthvað vísindalegt.

Börn á þessum aldri eru búin að finna sig í ákveðnum tímstundum eða áhugamálum sem þau vilja stunda til lengri tíma.



## Leikföng

- Kubbar (seglakubbar, Lego kubbar...)
- Kúlubrautir
- Raunverulegir litlir bílar og flóknari bílateppi
- Fjarstýrðir bílar
- Stór dúkkuhús með innbúi og dúkkum
- Bangsar
- Töfrasett og vísindasett
- Hlutir fyrir dramatískann leik (sem dæmi: búð, skóli, bókasafn, skrifstofa, hárgreiðslustofa...)

## Skynjunarleikir

- Útivera (fjöruferð, berjamó, skógarferð...)
- Sund, sull með vatn í bala, leikur með garðúðara í garðinum
- Flokka hluti eins og perlur, steina, skeljar
- Vinna með tilraunir eins og að búa til eldgos, láta klaka bráðna í heitu vatni
- Leir og áhöld (skæri, borðhnífur, form, kefli)

## 8 - 10 ára

Börn á þessum aldri eru búin að tengjast föstum leikfélögum sem þau leita frekar til heldur en annara til að leika við og þau kjósa frekar að leika við vini heldur en ein. Þau njóta þess að leika sér í hópum við krakka sem deila svipuðu eða sama áhugamáli.

Leikurinn þeirra heldur áfram að þróast og færast yfir í langtímaleik eða leik em á sér stað yfir lengra tímabil heldur en nokkrar klukkustundir. Sem dæmi gæti það verið bær byggður úr lego kubbum sem barnið leikur sér með daglega (eða ekki) og leikurinn er í stöðugri þróun, það bætast við byggingar, fólk fæðist eða deyr, það myndast einskona þróunarsaga.

Þau fara að sýna því mikinn áhuga að bera ábyrgð og vilja gjarnan taka þátt í athöfnum heimilisins og endurspegla þau áhuga sinn á daglegu lífi í hlutverkaleik.

## Afþreying

- Allt sem tengist áhugamálunum þeirra (bolti, mark, píanó, gítar, míkrafónn...)
- Fræði- og vísindabækur
- Tölvuleikir sem henta þeirra aldri
- Hlutir til hlutverkaleiks (búningar, föt, eldhúsdót, dúkkudót, verkfæri, snyrtidót...)
- Lego kubbar og Playmobil
- Dúkkur og dúkkuhlutir
- Seglakubbar og kúlubrautir
- Flóknari púsl, litir og mandölu litabækur

## 10 - 12 ára

Á þessum aldri fara börn að vera varari um sig í daglegu lífi og þau vita að hegðun þeirra og ákvarðanir hafa áhrif á hin börnin í vinahópnum.

Börn á þessum aldri hafa gman af borðspilum og vísindaproutum. Þau sinna áhugamálunum sínum gjarnan mjög vel.

Á þessum aldri fer athyglin þó að fjara frá leiknum sjálfum og færast meira yfir á áhugamálin þar sem áhugamálin verða þeirra nýja daglega afþreying. Þau njóta þess að vinna með flóknari afþreyingu eins og að baka, þrifa, smíða, skapa, hanna og spila tölvuleiki.

# Afþreying

- Allt sem tengist áhugamálum
- Allt sem tengist tómstundum
- Heimilisverk (tiltekt, bakstur, viðhald, garðvinna...)
- Borðspil og púsl
- Vísinda- og tilraunastarfsemi
- Fræði- og vísindabækur
- Tölvuleikir
- Förðun og tíska (snyrtivörur og fatnaður)
- Föndur úr efnivið (e. DIY)

# Hugmyndir að skynjunarleik (e. sensory play)

## Vatnsleikur

*Vatnsleikur getur verið allskonar, t.d. kalt vatn, heitt vatn, litað vatn, frosið vatn.*

- Vatn í bala + aukahlutir
- Vatnsslanga úti garði
- Vatn í spreibrúsa + tuska, hægt að sprejja á glugga og þurrka
- Litað vatn í spreibrúsa + snjór, þar sem snjórinn er litasprenjaður
- Fótabað með heitt/kalt vatn
- Dýra- eða bílapvottastöð
- Leikur með vatnsperlur (e. water beads)



# Hugmyndir að skynjunarleik (e. sensory play)

## Sandur

*Mismunandi sand er hægt að nota; svartan sand, skeljasand, leirsand (e. moonsand), cheeriossand (malað cheerios).*

- Sandur + vinnuvélar
- Sandur + dollur + skeiðar
- Sandur + dýr
- Sandur + vatn + sjávardýr
- Leikur í sandkassa + aukahlutir



# Hugmyndir að skynjunarleik (e. sensory play)

## Leir

*Mismunandi leir er hægt að nota; Play dough, tröllaleir, froðuleir, sápuleir... Hægt að gera ætann leir með mismunandi bragði, lykt og áferð.*

- Leir + ísform + kökuskraut
- Leir + piparkökuform + kökukefli
- Leir + skæri/hnífur
- Leir + dýr/bílar/litlir kallar/tré og plöntur
- Leir + efniviður (skeljar, greinar, könglar, steinar, fjaðrir, hnetur...)





# Hugmyndir að skynjunarleik (e. sensory play)

## Ís - klakar

*Hægt er að gera margar mismunandi útfærslur af klökum. Mála með klökum, fara með klaka í bað, sulla með klaka, bæta lyktarefnum og litarefnum í vatn fyrir frystingu.*

- Mála á blað með lituðum klökum.
- Fylla blöðru af vatni og setja aukahlut ofaní, frysta og afþýða svo yfir volgu vatni.
- Setja klaka í blátt vatn + sædýr.
- Frysta efnivið í klaka (bómull, blóm, ávexti, litla hluti...)
- Fara með klakamola í bað og leyfa þeim að leysast upp.
- Leikur með klaka í fati + aukahlutir (skeiðar, dollur, tangir...)



# Hugmyndir að skynjunarleik (e. sensory play)

## Aðrir leikir;

- Slím + aukahlutir
- Lituð hrísgrjón + aukahlutir
- Þurrmatir + aukahlutir
- Froða + aukahlutir

### **Slím**

1/2 bolli vatn  
1/2 bolli skóla lím (e. school glue)  
1/2 bolli fljótandi sterkja (e. liquid starch)  
Hræra vatni+lími saman, bæta síðan sterkjuni við.

### **Froða**

1 bolli vatn  
1/2 bolli sápa  
Þeyta öllu saman í hrærivél

## Aukahlutir:

Skeiðar, ausur, tangir, dollur, glös, sprautur, spaðar, skæri, hnífar, trekt, sigti...

Þessi bók er hluti af lokaverkefni mínu til stúdentsprófs í Verkmenntaskólanum á Austurlandi. Ásamt þessari bók skrifaði ég ritgerð um þróun leiks barna.